

Börnin ferðast um netið

– en kennum við þeim umferðarreglurnar?

„Mundu að horfa til beggja átta áður en þú ferð yfir götuna.“
„Ekki gleyma hjálminum!“ „Mundu að þú átt alltaf að stoppa á rauðu ljósi.“

Foreldrar vita af eigin raun hversu hættulegt það er að ferðast í umferðinni og því þykir okkur sjálfsagt að kenna börnunum umferðarreglurnar. Það sama gildir þó ekki þegar börnin ferðast um rafræna vegi internetsins.

„Þegar börnin okkar þurfa að læra umferðarreglurnar sendum við þau ekki bara af stað og vonum það besta. Við leiðum þau áfram og sýnum þeim hvernig maður ber sig að. Það sama ætti að gilda á netinu“ segir Kuno Sörensen, sálfræðingur hjá Barnahjálpi í Danmörku.

Í nýrri könnun dönsku neytendasamtakanna kemur í ljós að 70% danskra foreldra segjast ekki skoða eða þekkja þær síður sem börn þeirra heimsækja. Þessi yfirgnæfandi meirihluti foreldra skiptir sér ekki af því hvað börnin gera á netinu og vita því í raun ekkert hvað þau eru að sýsla.

Nokkur umræða hefur verið um netnotkun íslenskra barna enda eru íslensk heimili almennt tölvuvædd og langflest þeirra eru með nettengingu. Guðberg K. Jónsson er verkefnastjóri hjá SAFT, sem stendur fyrir samfélag, fjölskylda og tækni.

Neytendablaðið spurði Guðberg hvort íslenskir foreldrar væru jafn sofandi og þeir dönsku.

„Samkvæmt íslenskrri könnun telja tæp 42% foreldra sig þekkja mjög vel til netnotkunar barna sinna og rúm 48% frekar vel. Rúm

74% foreldra segjast hafa skoðað bókamerki og/eða fyrri heimsóknir barns síns á netinu til að sjá hvaða síður barnið heimsækir.“

Íslenskir foreldrar virðast því vera aðeins meðvitaðri en þeir dönsku. En hverjar skyldu vera helstu áhyggjur foreldra sem leita til SAFT? Guðberg segir þær helst snúa að rafrænu einelti og myndbirtingum.

„Því miður er það algengt að börn birti óviðeigandi myndir af sér og/eða vinum sínum á netinu ásamt ýmsum persónulegum upplýsingum. Þó að flest börn séu meðvituð um áhættuna fara of mörg þeirra kæruleysislega með þennan þátt. Fullorðið fólk er reyndar ekkert skárra hvað þetta varðar. Nettæling er staðreynd og hún á ekki bara við að svokallaðir „perrar“ leiti að börnum heldur er hér einnig átt við tælingu sem fer fram á milli ungs fólks. Þá þurfa foreldrar að vera mjög vakandi yfir rafrænu einelti og taka umræðuna með börnum sínum snemma.“

Hvað varðar almennar ráðleggingar til foreldra segir Guðberg að foreldrar og börn þeirra ættu alveg frá byrjun að komast að gagnkvæmu samkomulagi um netnotkun.

„Það þarf snemma að hefja formlega fræðslu um örugga og jákvæða notkun netsins og umgengnishætti. Sú fræðsla fer ekki einungis fram í skólum heldur þurfa foreldrar að taka þátt, enda fer netnotkun að mestu fram heima.“

Guðberg bætir við að foreldrar þurfi einnig að vera nokkuð hæfir notendur til þess að skilja viðfangsefnið. Þannig séu þeir einnig betur í stakk búnir til þess að taka skynsamlegar ákvarðanir um netnotkun barna sinna.

Ef vart verður við ólöglegt efni á netinu skal senda ábendingu á ábendingalínu Barnaheilla og lögreglunnar.

Öruggari samskiptasiður

Tæplega 42 milljónir Evrópubúa nota reglulega samskiptasiður eins og Facebook og Myspace og fjölga notendum ört. En þátttaka á slíkum samskiptasiðum er ekki með öllu hættulaus, sérstaklega þegar kemur að börnum.

Nú hafa 17 evrópskar samskiptasiður (þar á meðal Bebo, Facebook, Google, Microsoft Europe, Myspace og Yahoo! Europe) skrifað undir samkomulag við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem miðar að því að auka netöryggi ungra notenda. Meðal annars skal

auðvelda tilkynningar um ólöglegt athæfi eða misnotkun á síðunum með svokölluðum tilkynningarhnappi. Skilaboð um netöryggi eiga að vera skýr og notkunarreglur sanngjarnar. Fyrirtækin samþykktu líka að auka persónuvernd ungra notenda með því að læsa síðum notenda undir 18 ára og útiloka þannig að leitarvélar finni þær. Þá á að leitast við að auðvelda foreldrum að hafa yfirsýn yfir síðurnar. Fylgst verður með framkvæmd samkomulagsins og það endurskoðað eftir eitt ár.